

## Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) haldinn á Teams miðvikudaginn 26. mars 2025, kl. 8:00.

### Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður  
Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps  
Fjóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps  
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps  
Helgi Kjartansson, oddviti í Bláskógabyggð  
Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri í Bláskógabyggð  
Haraldur Þór Jónsson, oddviti í Skeiða- og Gnúpverjahreppi  
Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu  
Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu

Fundargerðina ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður, Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

### 1. Fyrirkomulag barnaverndar

Á fundi stjórnar SVÁ þann 23. janúar 2025 var deildarstjóra velferðarþjónustu falið að hefja samtal við Hveragerðisbæ og Ölfus um formlegt samstarf um barnaverndarþjónustu þar sem SVÁ var synjað um undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu. Fyrir fundinum liggur samningur milli Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss um sama mál.

*Stjórn samþykkir samhljóða að fela deildarstjóra velferðarþjónustu að vinna áfram að málinu sem aftur yrði á dagskrá næsta fundar stjórnar sem fyrirhugaður er fljótlega eftir páska. Jafnframt felur stjórn formanni stjórnar að óska eftir framlengingu á undanþágu frá skilyrði um lágmarksíbúafjölda á meðan unnið er að málinu.*

### 2. Samráðshópur um þjónustu við fatlað fólk

Lögd fram samþykkt frá stjórn Bergrisans þar sem lagt er til að hvert þjónustusvæði á starfssvæði Bergrisans skipi sinn eigin samráðshóp.

*Stjórn samþykkir samhljóða að óska eftir því að stjórn Bergrisans endurskoði ákvörðun sína og að skipaður verði einn samráðshópur á þjónustusvæði Bergrisans.*

### 3. Starfsmannamál

Arna Ír Gunnarsdóttir hefur sagt upp störfum en hún hefur m.a. sinnt málefnum fatlaðs fólks á starfssvæði SVÁ. Einnig eru aðrar breytingar á starfsmannahaldi auk þess sem enn vantar í þær stöður sem auglýstar hafa verið hvað lengst.

*Stjórn vill áréttta að nauðsynlegt er að öll sveitarfélögin aðstoði eins og hægt er við að dreifa auglýsingum og leita að starfsmönnum.*

**4. Ársreikningur 2024.**

Ársreikningur 2024 lagður fram. Rekstrargjöld nema 159,7 m.kr. og rekstrargjöld 160 m.kr. Starfsemi SVÁ er ávallt gerð upp á núlli þar sem framlög sveitarfélaga standa ein undir rekstrinum. Á reikningnum má sjá að enn vantar starfsmenn enda launakostnaður mun lægri en ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlun.

*Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og felur formanni að senda hann í rafræna undirritun. Undirritaður ársreikningur 2024 verður sendur sveitarfélögunum til kynningar.*

**5. Skrifstofuþjónusta SVÁ**

Lagður fram samningur við Hrunamannahrepp um skrifstofuþjónustu, launavinnslu og uppgjör.

*Samningurinn samþykktur samhljóða og formanni falið að ganga frá undirritun á milli samningsaðila.*

**6. Önnur mál:**

- a.** Kostnaðarskipting vegna málefna fatlaðs fólks.

*Stjórn samþykkir samhljóða að fresta umræðu um kostnaðarskiptingu vegna málefna fatlaðs fólks.*

- b.** Starfsemi fagnefndar SVÁ.

*Stjórn samþykkir samhljóða að fresta umræðu um framtíð Fagnefndar SVÁ þar til niðurstaða úttektar sem nú er í gangi liggur fyrir.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:00